

VERNDAR

Um afbrot, fanga og fangelsismál

38. árgangur 2007

BLAÐIÐ



Börn og fangelsi



Verndarblaðið 2007

38. árg.

Útgefandi: Félagsamtökin Vernd
Skúlatúni 6, 105 Reykjavík.
Sími: 562-3003; fax 5623004
Netfang: vernd@vernd.is
Heimasíða Verndar:
http://www.vernd.is

Börnum lærist snemma að fangelsi er ekki góður staður í veröldinni. Það getur verið býsna erfitt að segja þeim að fólk sé í fangelsi til þess að það verði betri manneskjur.

Falín refsing

2 Verndarblaðið

Leiðari // Sr. Hreinn S. Hákonarson, formaður Verndar

Ritstjóri/ábyrgðarmaður:

Hreinn S. Hákonarson

Stjórn Verndar:

Formaður

Hreinn S. Hákonarson,
fangaprestur þjóðkirkjunnar
Varaformaður
Sigríður Heiðberg,
forstöðumaður

Ritari

Elsa Dóra Grétarsdóttir,
deildarstjóri

Meðstjórnendur

Jón Páll Hallgrímsson, ráðgjafi
Erla B. Sigurðardóttir, félagsráðgjafi
Ingibjörg Briem, nemi HÍ
Ásgeir Guðmundsson, löndunarstjóri

Varastjórn:

Áshildur Emilsdóttir, félagsráðgjafi
Erlingur B. Kjartansson, kerfisstjóri
Halla B. Marteinsdóttir, félagsráðgjafi
Axel Karan, fyrrv. lögregluámaður
Helgi Michael Magnússon, ráðgjafi
Danfríður Skarphéðinsdóttir,
deildarstjóri
Ólafur Þ. Sveinbjörnsson,
tölvunarfræðingur

Húsnæfnd áfangaheimilis Verndar:

Þráinn Bj. Farestveit,
framkvæmdastjóri
Erlendur S. Baldursson,
deildarstjóri,
Sigríður Heiðberg,
varaformaður Verndar
Guðjón Sveinsson, forstöðumaður
Íris Eik Ólafsdóttir, félagsráðgjafi
María Steinþórsdóttir, matráðskona
Hreinn S. Hákonarson,
formaður Verndar

Framkvæmdastjóri:

Þráinn Bj. Farestveit, afbrotaráðingur

Endurskoðendur:

Hannes Þ. Sigurðsson,
endurskoðandi
Dr. Jón M. Ásgeirsson, prófessor

Prentun:

Prentmet

Auglýsingar:

Markaðsmenn

Forsíðumynd:

Verkið heitir Vernd
frá árunum 1912-1934
eftir Einar Jónsson
myndhöggvara

Ljósmyndir:

Þráinn Bj. Farestveit
Hreinn S. Hákonarson

Kannski eru ekki til meiri andstæður en fangelsi og börn. Í barninu býr kraftur framtíðar og von. Segja má að í því búi frelsið ásamt einlægni og trúnaðartrausti sem foreldrar og uppallendur eiga að beisla til góða verka.

Börn eiga ekki aðeins lagalegan rétt á samvistum við foreldra sína heldur og siðferðilegan. Sú ábyrgð er lögð á foreldra að koma börnum sínum til þroska, annast þau og búa þeim sem best kjör. Langflestum tekst að axla þessa ábyrgð vel og sómasamlega en öðrum miður.

Eitt hið mikilvægasta í öllu uppeldi er að láta börn finna fyrir hlýju og öryggi. Hvort tveggja eru hornsteinar í andlegri velferð barnsins sem það býr að alla ævi.

Börnum lærist snemma að fangelsi er ekki góður staður í veröldinni. Það getur verið býsna erfitt að segja þeim að fólk sé í fangelsi til þess að það verði betri manneskjur. En börnin hugsa líka rökrétt á sinn hátt og vita allvel um tengsl slæmrar hegðunar og refsingar. Skammarkrókar heyra reyndar sögundum til en þeir voru sá staður sem börn þurftu stundum að þola þegar þau gerðu eitthvað af sér. Þau voru tekin úr hringiðunni og þurftu að standa úti í horni og stara í kaldan vegginn. Börn nútímans þekkja annars konar refsingar eins og bann við að horfa á sjónvarp eða leika sér í tölvu vegna einhvers skammarstriks sem þau gerðu.

Fangelsisdómur raskar lífi fólks með ýmsum hætti og oft meira en margur hyggur. Röskun á högum barnsins veltur vissulega á því í hve miklum samskiptum það hefur verið við foreldrið sem í fangelsi situr. Séu tengslin eðlileg er sem jörðin gliðni undir fótum barnsins. Sorgin kveður dyra, kvíði sækir það heim og öryggisleysi grefur um sig.

En fangelsisvist hér á landi er ekki endastöð. Þau sem í fangelsi eru koma aftur út. Samband þeirra við börn sín meðan á fangelsisvist stendur

er mikilvægt. Það er reyndar svo að mörgum þykir erfitt að ræða við börn sín um afbrot sín eða einhverra nákominna. Þar kemur fyrst upp skömm hinna fullorðnu og sterk tilfinning um að barninu hafi verið herfilega brugðist. Börn treysta fullorðnu fólki og engum eins mikið sem foreldrum sínum. Foreldrar eru akkeri þeirra í heimi sem þau skynja fljótt að er ekki allur þar sem hann er séður.

Samvera barna með foreldri sem afplánar dóm verður fyrst og fremst að ganga út frá forsendum barnsins. Afbrot foreldrisins er barninu algerlega óviðkomandi og því sem í kjölfar þess kemur. En samskipti barns og foreldris í þessum aðstæðum ættu að ganga út frá því að byggja upp öryggi hjá börnunum og uppræta kvíða í huga þeirra. Börnin þarf að fullvissa um að aðskilnaðurinn er tímabundinn og að þau séu það dýrmætasta sem foreldramir hafa að láni hér í heimi.

Fangelsisvist foreldra og annarra sem nákomnir eru börnum bitnar á þeim, saklausum. Manneskja sem þeim er nær er tekin frá þeim og sett til hliðar fjarri vettvangi þeirra. Refsingin er ekki aðeins aðskilnaður hinna brotlegu frá samfélagi fjálsra manna heldur aðskilnaður barnsins frá foreldri. Barnið hefur misst akkerið. Það skilur ekki af hverju það er skilið eftir fjarri foreldri sínu. Því er refsað og refsingin er falin og fremur lítið um hana rætt þá fangelsismál ber á góma.

Mikilvægt er að brúa þennan aðskilnað eins og kostur er og þá fyrst og fremst með hagsmuni barnsins að leiðarljósi.

Heimsóknaraðstaða barna í fangelsum ætti því að vera utan fangelsis í öllum tilvikum. Barnið ætti ekki að þurfa að ganga inn fyrir dyr fangelsis til að njóta samvasta með foreldri eða öðrum nákomnum. Heimsóknaraðstaðan ætti að vera á hlutlausu svæði þar sem foreldri barnsins sem afplánar eða annar því nákominn, kæmi til þess.

HEIMSÓTTU LITLA-HRAUN

Nýlega heimsótti stjórn Verndar fangelsið á Litla-Hrauni í þeim tilgangi að kynna sér starfseminu í fangelsinu; aðbúnað og umhverfi. Annar megin tilgangur ferðarinnar var fundur stjórnarinnar með Afstöðu, trúnaðarráði fanga.

Töluverðar áhyggjur hafa verið meðal fanga um með hvaða hætti Vernd gætti tryggt stöðu manna sem ekki hafa lengur aðgang að

áfangaheimili Verndar eftir að breytingar voru gerðar á skilyrðum um aðgengi að heimilinu í kjölfar þess að heimilismaður á Vernd var afhjúpaður við glæpsamlegt atferli í fréttaskýringarþættinum Kompás á Stöð 2. Málið vakti mikla athygli í samfélaginu og mikill þrýstingur var á stjórn Verndar að breyta skilyrðum til vistunar á áfangaheimilinu, ekki síst af íbúum í hverfinu í

kringum áfangaheimilið. Farið var yfir málavexti með fulltrúum fanga og hvaða breytinga væri að vænta í kjölfarið á þessu máli enda var mönnum það ekki alveg ljóst hvað yfirlýsing Verndar um breytt skilyrði þýddu fyrir fanga. Breyttu skilyrðin eru þau að menn sem dæmdir hafa verið fyrir kynferðisbrot gagnvart börnum geta ekki lokið afplánun á Vernd lengur.

Þann 14. maí var undirritað tímamótasamkomulag milli fangahjálparinnar Verndar og Fangelsismálastofnunar þar sem áfangheimilið er eftt til muna.

Stórefld Vernd



Heimsóknartímar 3



Myndin var tekin eftir undirritun samkomulags Verndar og Fangelsismálastofnunar.

Talið frá vinstri: Sigríður Heiðberg, varaformaður Verndar, sr. Hreinn S. Hákonarson, formaður Verndar, Valtýr Sigurðsson, fangelsismálastjóri, Erlendur S. Baldursson, deildarstjóri og Þráinn B. Farestveit, framkvæmdastjóri Verndar.

Fangahjálpin Vernd hefur rekið áfangaheimili í Reykjavík í nær því hálfá öld. Heimilið hefur verið ætlað fólki sem er að koma undir sig fótum eftir fangelsisvist eða hefur hvergi haft höfði sínu að að halla. Síðustu tólf ár hefur Vernd starfað í náinni samvinnu við Fangelsismálastofnun ríkisins um vistun þeirra sem eru að ljúka afplánun. Hafa rúmlega sex hundruð einstaklingar dvalið á áfangaheimili Verndar frá því að þetta samstarf hófst og hefur reynsla af því verið góð og það skilað prýðilegum árangri.

Þann 14. maí var undirritað tímamótasamkomulag milli fangahjálparinnar Verndar og Fangelsismálastofnunar þar sem áfangheimilið er eftt til muna. Mun Vernd hafa umsjón með meðferðarþjónustu við heimilismenn á áfangaheimilinu og verður fagmenntaður vímuefnaráðgjafi ráðinn til starfa.

Hlutverk hans verður m.a. að styðja við bakið á heimilismönnum sem glíma við áfengis- og

vímuefnafíkn með því að greina vanda þeirra og gera meðferðarætlunir.

Fjöldi fanga glímur við fíkniefnavanda og eru fangelsismálayfirvöld með ýmislegt á þróunum til að taka á honum með skilvirkum hætti. Svo sem kunnugt er geta fangar lokið afplánun í áfengis- og vímuefnameðferð bæði í Hlaðgerðarkoti og á vegum SÁÁ. Í nýju fangelsi er fyrirhugað að verði afeitrunar- og meðferðardeild.

Fangahjálpin Vernd hefur talið brýna þörf á að taka á vímuefnavanda fanga og fagnar því að þetta samkomulag milli hennar og Fangelsismálastofnunar ríkisins er í höfn.

Valtýr Sigurðsson, fangelsismálastjóri, hefur sýnt starfi fangahjálparinnar mikinn skilning og hefur ásamt dómsmálaráðherra, Birni Bjarnasyni, látið þessi mál til sín taka og þeir stutt fangahjálpinu Vernd dyggilega.

Forsvarsmenn Afstöðu skildu vel þetta mikilvæga og erfiða skref til að tryggja áframhaldandi rekstur áfangaheimilisins á Laugateig 19.

Eftir fundinn skoðaði stjórn Verndar fangelsið á Litla - Hrauni og áttu stjórnarmenn gott spjall við fanga á göngum fangelsisins.

Í lokin var trúnaðarráðinu afhentar 12 sporabækur og diskar til dreifingar og varðveislú á Litla-Hrauni.



Frá vinstri: Helgi Michael Magnússon, Elsa Dóra Grétarsdóttir, Halla B. Marteinsdóttir, Jón Páll Hallgrímsson, sr. Hreinn S. Hákonarson, Ingibjörg Briem og Danfríður Skarphéðinsdóttir.

Litla-Hraun

Fangi getur fengið eina heimsókn á viku frá nánustu vandamönnum. Þá getur fangi sótt um heimsóknarleyfi fyrir aðra og er það háð samþykki yfirmanna fangelsisins. Fangi þarf að panta tíma fyrir heimsóknir skriflega á þar til gerðu eyðublaði. Heimsóknir fara fram milli kl. 13.00 og 16.30 nema mánudaga og þriðjudaga. Heimsókn fer fram í sérstöku heimsóknarherbergi.



Kvíabryggja

Sunnudaga
frá kl. 9.00 – 18.00.
Heimsóknarleyfi aðra daga er hægt að sækja um til forstöðumanns.



Hegningarhúsið Skólavörðustíg

Ein heimsókn - einu sinni í viku í 2 klst. í senn. Hægt er að velja um þrjár tímasetningar kl.10.00 -12.00, 13.30 -15.30 eða 17-19.00.



Fangelsið á Akureyri

Heimsóknartími á laugardögum og sunnudögum frá kl. 13 til 16 og á miðvikudögum milli 20 og 22.



Fangelsið í Kópavogi

Ein heimsókn einu sinni í viku í tvo tíma. Hámark þrjú gestir í einu og skulu þeir koma og fara á sama tíma. Fangi getur sóttu um aukaheimsókn hjá varðstjóra.



Aðstandendur minnihlutahó

4 Eftir // Sr. Hrein S. Hákonarson, fangaprest þjóðkirkjunnar:

Aðstandendur fanga eru saklaust fólk sem kynnist fangelsiskerfinu á sérstakan hátt. Það veit eðli máls samkvæmt ekki mikið um það hvernig mál ganga fyrir sig í þessu kerfi. Segja má að fangelsiskerfið sé að vissu leyti kuldalegt og fráhrindandi. Aðstandendur fyllast ugg og ótta andspænis því og eru auðsærnlegir, öryggislausir og jafnvel sjálfir sakbitnir. Ýmsar ákvarðanir eru teknar um hagi þeirra nánustu innan fangelsis samkvæmt lögum og reglum.

Viðbrögð aðstandenda

Viðbrögð aðstandenda við fangelsun ástvina eru misjöfn. Í sumum tilvikum er fangelsunin óvænt en í flestum er um að ræða vissan aðdraganda eins og rannsókn máls og dóm. Að ekki sé talað um lífsmynstur þar sem fangelsi er nánast sem rökrétt endastöð. Viðbrögð þeirra sem eiga sibrotamenn í fangelsi eru önnur en vandamanna þeirra fanga sem sitja í fyrsta sinn inni. Hverjum þykir sinn fugl fagur bæði þótt hann sé mjór og magur. Orð sem nánustu ættingjar láta falla um þau sem standa þeim næst og sitja í fangelsi eru ekki hlutlaus – sem betur fer. Þau eru þeim kær og gildir einu þó framinn hafi verið skelfilegur glæpur.

Það er ekki auðvelt að finna einn samnefnara fyrir allar tilfinningar hinna nánustu en það er ekki kannski fjarri sanni að segja að hann sé uppnám og dapur hugur.

Enginn vill eiga einhvern sér nákominn í fangelsi. Líkamleg og andleg viðbrögð eru margvísleg, ýmsir verkir banka upp á og kvíði sest um sál.

Lystarleysi og svefnleysi – vanmáttur sem setur svip á allar daglegar athafnir. Samviskubit yfir því að hafa ekki búið barni sínu sem best kjör og kannski vanrækt það – eða uppeldið mistekist. Vangaveltur um hvernig eigi að segja öðrum frá þeirri skömm sem dynur yfir fjölskylduna. Afneitun: Dóttir mín er saklaus. Þráhyggjuhugsanir og þannig mætti lengi telja.

Í fáum orðum sagt: Röskun á andlegum, líkamlegum og veraldlegum kjörum.

Tilfinningar fólks gagnvart nánum ættingja í fangelsi bera líka visst svipmót sorgar. Fangelsi er tímabundinn missir ef svo má segja. – Fjölskyldan verður sem lífakkeri fangans og þær leggja oft mikið á sig fyrir hann. Hugur hans er bundinn henni og því lífi sem hún lifir utan fangelsisins. Fanginn veit af þeim hörmungum sem hann hefur kallað yfir fjölskylduna og sektarkennd grefur um sig. Hann finnur sig vanmáttugan í daglegri framfærslu fjölskyldunnar og getur lítið lagt af mörkum.

Börn fanga – foreldrar barna

Barnið er iðulega fórnarlamb aðstæðna sem hinir fullorðnu skapa því. Kjör barna eru harla ólík. Áföll í lífi þeirra geta verið margvísleg og misalvarleg. Fangelsisvist foreldra, föður eða móður, er þungbært áfall og því þyngra sem afplánun stendur lengur yfir; er röskun á öllum högum barnsins; hún vegur að tilfinningum, samskiptum og ytri kjörum þess. Fangelsið er aðskilnaður barns og foreldris sem verður að bregðast við með einhverjum hætti.

Réttur barna til foreldra sinna er ótvíræður. Fangelsisvist foreldranna hefur áhrif á möguleika barnsins til að umgangast föður sinn eða móður. Í samskiptum barna og foreldra eru dagleg samskipti nauðsynleg – þau eru öryggisnet umhverfis barnið í veröld sem oft er hættuleg. Uppeldisskyldur þeirra foreldra sem eru í fangelsi og hafa á annað borð rækt þær eru axlaðar að mestu af því foreldrinu sem býr við frelsi og/eða öðrum t.d. ömmu og afa. Þörf barnsins á foreldrum sínum á ekki að stjórna af geðþótta eða aðstæðum foreldranna. Barnið á ávallt að vera í fyrirrúmi. Fyrirmyndarfangelsi tekur tillit til þessa og býr börnum hin bestu kjör og aðstæður hvað t.d. heimsóknir snertir svo þau geti verið sem oftast með foreldri sínu og í sem nánustum félagsskap – og sem eðlilegustu umhverfi. Fyrirmyndarfangelsi styrkir heilbrigð samskipti barna og foreldra eftir því sem kostur er. Börnin eiga rétt á umgengni við foreldra sína án þess t.d. að aðrir fangar séu á stjáklí í kringum þau.

Að segja barni frá

Nú er það vandasamt að tala við barn um fangelsun móður eða föður. Samtalið tekur auðvitað mið af aldri þess og þroska. Hugmyndir barna um fangelsi sem komin eru til



Endur fanga þú í samfélaginu

nokkurs þroska og vits eru mótaðar af heimi teiknimynda og kvikmynda. Þær hugmyndir eru alla jafna fráleitt líkar þeim veruleika sem við búum við. Mikilvægt er að sýna börnum á sem gleggstan hátt umgerð og aðbúnað þeirra sem í fangelsum eru. Börn vita býsna vel að þau sem í fangelsi fara hafa gert eitthvað sem þau áttu ekki að gera – svo það sé orðað á einfaldan hátt. Þau hafa líka á tilfinningunni að það sé skömm og svívirða enda þótt sú upplifun þeirra sé með öðrum hætti en hinna fullorðnu. Barnið getur líka fengið það á tilfinninguna að búið sé að yfirgefa það og fyllist depurð og jafnvel kergju. Hafi foreldri verið t.d. fyrirvararlaust hneppt í gæsluvarðhald getur barnið komist í verulegt uppnám, fyllist angist og sorg, reiði og heift. Vanlíðan þess endurspeglast í daglegu lífi og getur brotist út með ýmsum hætti eins og árasagirnir. Börnin telja fangelsin líka vera hættulegan stað fyrir pabba eða mömmu – í fangelsi eru „vondir karlar.“ Pabbi fyllir þann flokk seint. Því er brýnt að fullvissa börnin um að foreldrarnir búi við öryggi innan fangelsisins og að þau muni koma aftur og verða frjálsar manneskjur. Það er líka mikilvægt að barnið fái ekki pislarvættishugmynd um foreldra sína. Foreldrarnir eru ekki samviskufangar heldur fólk sem hefur brotið landsins lög og uppskorið í samræmi við það. Enda þótt fangar kunni að vera ósáttir við dóm sinn og fangavist – sem og jafnvel ættingjar þeirra – skella skuldinni á kerfið og allt sem því fylgir – þá er mikilvægt að sá ekki í barnshjörtun fræjum vantrausts og jafnvel haturs á hinu lýðræðislega réttarríki.

Feður í fangelsi – og mæður

Þó skyndilegur áhugi feðra í fangelsi á börnum sínum vekir stundum tortryggni meðal nánustu ættingja og þau orð gjarnan látin falla að nær hefði honum verið að sinna þeim meðan hann

var frjáls maður (og síðan fylgir jafnvel með einhver nöpur athugasemd) þá getur þessi áhugi haft jákvæð áhrif. Bæði á barnið rétt á föður sínum og faðirinn rétt á barninu. Feður í fangelsi hugsa mikið til barna sinna og sakna þeirra – það er gagnkvæmt.

Enginn dregur það í efa að börn þurfa á feðrum sínum að halda hvort heldur til að efla hollan tilfinningaþroska sinn eða vera sem fyrirmynd. Sömuleiðis þurfa feður á börnum sínum að halda. Hlutverk föður getur opnað augu hans fyrir ýmsu, aukið tilfinningalegan þroska hans sjálfs og eftir sambandið við barnið. Ríkur þáttur í hugsun karlmanna er sjálfstæði og mörgum þeirra finnst því ógnað þegar skipulagt fjölskyldulíf blasir við þeim – og leggja jafnvel á flóttu. Þó sjálfstæðir séu þá eru þeir í þörf fyrir nán og heilbrigð samskipti við annað fólk hvort heldur maka eða börn. Það eitt að faðma barn sitt lýsir tilfinningum ástúðar og umhyggju. Tillfinningaleg nánd er mikilvæg karlmanninum.

Samskipti fanga við börn sín geta því vakið með þeim það besta sem býr í þeim, kveikt samkennd með þeim sem eru minni máttar og eftir skilning á högum hans eða hennar. Það er að mörgu leyti andstætt ómeðvitaðri innrætingu uppeldisins um það hvernig sannur karlmaður er: sterkur og grætur ekki. Auk þess kann að vakna ábyrgðarkennd sem snýst um það að barnið eða börnin sem fanginn á ber með sér kröfu um að staðið sé við ytri skuldbindingar á borð við framfærslu og daglega umönnun. Slíkt getur í bestu tilvikum verið hvatning til fangans sem foreldris um að standa sig. Þess vegna er brýnt að styrkja samband feðra og mæðra í fangelsi við börn sín.

sem stofnað var fyrir fjórum árum. Félagið heldur fundi, fyrsta þriðjudagskvöld í upphafi hvers mánaðar. Þar koma aðstandendur saman, miðla sameiginlegri reynslu, stappa stálinu í hverja aðra og horfa með jákvæðum huga til framtíðar sinna nánustu. Umfram allt láta þeir þá vita af því að þeir séu ekki einir á báti. Aðgát hefur nú opnað vefsíðu, www.adgat.net þar sem hægt verður að fá hagnýtar upplýsingar fyrir aðstandendur fanga.



Sjóðarmi Öll börn eiga rétt

6 Eftir // Steinunn Bergmann, félagsráðgjafa

Segja má að það felist ákveðin mótsögn í því að taka barn frá fjölskyldu sinni af því að foreldrar brutu löginn því börn eiga lagalegan rétt á að hitta foreldra sína. Réttindi barna eru vernduð af víðtæku kerfi alþjóðlegra og svæðisbundinna samtaka og er lítið svo á að um sé að ræða sjálfstæðan rétt barnsins. Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna hefur mikla þýðingu fyrir löggjöf um málefni barna á Íslandi en byggt er á því viðhorfi að börn hafi þörf fyrir og eigi rétt á umsjá foreldra, eða annarra forráðamanna, til þess að ná fullum þroska og til að andlegri og líkamlegri velferð þeirra verði borgið. Ákvæði laga sem leggja áherslu á rétt barnsins, t.d. til forsjár foreldra, umgengni við þau o.fl. eru byggð á almennum félagslegum og sálfræðilegum viðhorfum, um að börn hafi ríka þörf fyrir umhyggju og nán persónuleg tengsl við foreldra, eða forsjáraðila, til þess að þau geti náð að þroskast eðlilega og orðið sjálfstæðir og nýtir einstaklingar. Þetta endurspeglast einnig í samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins en samningurinn er m.a. byggður á þeim sameiginlega skilningi aðildaríkja, að til að ná fullum og samstilltum þroska persónuleika síns, eigi börn að alast upp innan fjölskyldu, við hamingju, ást og skilning.

Barnalög og barnaverndarlög

Í barnalögum er kveðið á um forsjá barna og samkvæmt þeim ber foreldrum að annast barn sitt, sýna því umhyggju, virðingu og gegna forsjár- og uppeldisskyldum sínum eftir því sem best er á kosið fyrir barnið sem í hlut á. Foreldrum ber samkvæmt lögum skylda til þess að vernda börn sín gegn andlegu og líkamlegu ofbeldi sem og annarri vanvirðandi háttsemi. Foreldrum ber einnig að afla barni sínu

lögmaðlar fræðslu og ala með því iðjusemi og siðgæði. Með forsjá er átt við rétt foreldra til að ráða persónulegum högum barns og ákveða bústað þess. Í lögnum er barninu einnig tryggður réttur til forsjár foreldra sinna. Ef foreldri fer eitt með forsjá er því skylt að stuðla að því að barn njóti umgengni við hitt foreldri sitt, nema ef umgengnin er andstæð hag og þörfum barnsins samkvæmt ákvörðunum dómstóla eða stjórnvalds.


Ef fjölskyldutengslum er ekki viðhaldið meðan foreldrar afplána refsivist erum við ekki að styðja þá til að uppfylla foreldraskyldur sínar eða viðhalda tengslum við börn þeirra. Rannsóknir benda til að þegar fjölskyldutengslum er viðhaldið þá dregur úr endurteknum afbrotum og að refsivist foreldra eykur líkur á því að börnin fari út í afbrot.

Í barnalögum er fjallað um stöðu barna við andlát eða skilnað foreldra og barnaverndarlög fjalla um réttarstöðu aðila ef þarf að koma til forsjársvipting, eða fela þarf öðrum að annast barn tímabundið. Löginn fjalla ekki sérstaklega um stöðu barna þegar foreldrar þeirra sæta refsivist.

Samkvæmt skilgreiningu barnaverndarlaga mætti líta svo á að þessi börn eigi slæma foreldra en það á ekki endilega við og í flestum tilfellum eru börnin hvorki vanrækt né beitt ofbeldi. Hér áður taldi hið opinbera ekki ástæðu til þess að stuðla að heimsóknnum eða öðrum tengslum milli fanga og barna þeirra. Þetta hefur oftast verið undir umönnunaraðila barnanna komið, öðrum fjölskyldumeðlimum eða fósturforeldrum og margir hafa ekki treyst sér til þess eða ekki viljað leggja það á sig að viðhalda tengslum barns við foreldri sem sætir refsivist. Hið opinbera hefur þó hægt og hægt tekið við sér og er tekið til þess í lögum um fullnustu refsinga.

Staða mála á Íslandi

Lög um fullnustu refsinga kveða á um heimsóknir til fanga en: „Fangi getur fengið heimsóknir í fangelsi, eigi sjaldnar en vikulega eftir aðstæðum í fangelsi.“ „Ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi getur forstöðumaður ákveðið að heimsóknir



Eftirtaldir aðilar styrkja útgáfu Verndarblaðsins:



LÖGREGLAN
Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU



Öð barna tt á að hitta foreldra sína

Í reglum fyrir
heimsóknargesti kemur fram
að: „Börn yngri en 18 ára
skulu vera í fylgd foreldris
eða forráðamanns.“

7

tiltekinna manna fari fram undir eftirliti starfsmanns og er heimilt „að leita á þeim sem heimsækja fanga.“ Í reglum fyrir heimsóknargesti kemur fram að: „Börn yngri en 18 ára skulu vera í fylgd foreldris eða forráðamanns.“ Fyrirkomulag heimsókna er með þeim hætti að fangi tekur á móti heimsóknum í heimsóknarherbergi, enda sé slíkt herbergi til staðar, eða í klefa sínum.“ „Forstöðumanni fangelsis ber að skipuleggja aðstæður þannig að börn geti komið með í heimsóknir og að þeim sé sýnd nærgætni. Þurfi heimsókn að fara fram utan fangelsis vegna hagsmuna barns skal það gert á grundvelli álits barnaverndaryfirvalda eða annarra sérhæfðra aðila.“ „Forstöðumaður fangelsis getur að fengnu samþykki fangelsismálastofnunar veitt fanga sem afplánar refsingu reglubundin dagsleyfi til dvalar utan fangelsis til að vera með fjölskyldu sinni eða vinum ef slíkt telst heppilegt sem þáttur í refsifullnustu eða til að búa fanga undir að ljúka afplánun.“ Einnig getur fangi fengið skammtímaleyfi m.a. til „... að vera viðstaddur fæðingu, skírn eða fermingu barns síns.“

Þarfir barna, persónulegir og tilfinningalegir þættir

Rannsóknir benda til þess að börn verði fyrir áfalli þegar þau eru aðskilin frá foreldrum sínum, þau skilja ekki hegðun foreldra sinna og skammast sín vegna stöðu þeirra. Skortur á framfærslu og leiðsögn veldur því að börnin eru varnarlaus fyrir að lenda í fátækt, álag er vegna breytinga á umönnunaraðila, aðskilnaður frá systkinum og önnur röskun á fjölskylduhögum. Þess vegna ættu barnaverndaryfirvöld að huga sérstaklega að þessum börnum. Ekki hafa verið gerðar rannsóknir á stöðu barna á Íslandi sem eiga foreldra í fangelsi, en rannsóknir á skilnaðarbörnum og fösturbörnum benda til þess að það hvernig staðið er að málum skiptir sköpum um hvernig til tekst með aðlögun barnsins. Mikilvægt er að undirbúa barnið og m.a. þarf að huga að því hvernig eigi að viðhalda tengslum barns við foreldra. Mikilvægt er að skóli barns sé látinn vita um breyttar aðstæður hjá barni og er ekki víst að foreldrar treysti sér til að gera það sjálfir. Því þarf að skoða hver sé til þess fallinn að aðstoða foreldra við það. Til að barni líði vel í skólanum er samstarf heimilis og skóla mikilvægt þ.e. samstarf þessa aðila

um velferð barnsins. Foreldrar eru fullir af sektarkennd og skömm og koma sér e.t.v. ekki að því að láta skólann vita. Þegar foreldrar standa frammi fyrir refsivist er nauðsynlegt að þeim sé boðin stuðningur fyrir alla fjölskylduna. Huga þarf að þörfum barnanna í fjölskyldunni og leita samstarfs við þá aðila sem geta veitt þeim stuðning. Best er að stuðningurinn sé veittur í nærsamfélagi barnsins og það kallar á samstarf fangelsismálastofnunar við það stuðningskerfi sem er til staðar í nærsamfélagi barnsins.

Eitt mikilvægasta hlutverk foreldra er að vera börnunum fyrirmynd og læra börnin af því að sjá hvernig þeir bera sig að, dags daglega í gleði og sorg. Það skiptir máli hverja börn umgangast og mótast sjálfssímynd þeirra í samspili við félagslegt umhverfi. Því óttast margir þau áhrif sem börn gætu orðið fyrir ef þau fara í heimsókn í fangelsi. Börnin hafa hins vegar áhyggjur af foreldrum sínum, í huga þeirra eru fangelsi og lögregla jafnvel eitthvað sem ástæða er til að óttast. Því er mikilvægt að barnið fái að sjá hvernig foreldrar þeirra hafa það. Ef barn á foreldra í fangelsi þá er það hluti af lífi þess og ekki ástæða til að fara í felur með það.



Ekki hafa verið gerðar rannsóknir á stöðu barna á Íslandi sem eiga foreldra í fangelsi.



Heimsóknir

8

Allir eru á einu máli um að fjölskyldan sé hornsteinninn samfélagsins. Fjölskyldan er friðarreitir mannlífsins og innan hennar geta menn alla jafna tjáð sig sem manneskjur, andlega sem líkamlega. Menn skynja sig aldrei eins sterkt sem lifandi manneskjur eins og í tengslum við maka, börn og aðra ættingja.

Fjölskyldutengsl eru því líftengsl. Fjölskyldan er lífæð manna. Þess vegna er mikilvægt að halda þessum tengslum í öllum aðstæðum eins lengi og kostur er.

Það er mjög mikilvægt fyrir fanga að leggja rækt við fjölskyldur sínar. Og það er að sama skapi mjög brýnt fyrir fjölskyldur að sinna þeim fjölskyldumeðlimi sem situr í fangelsi.

Heimsóknir í fangelsi styrkja fjölskyldubönd fangans og fjölskyldunnar; stuðla að betri líðan allra í fjölskyldunni. Það tekur tíma fyrir fólk að venjast því að heimsækja náinn ástvin í umhverfi sem fangelsið er. Það er margt framandi í fangelsi fyrir þá sem þangað koma í heimsókn. Öryggisleysi gestsins, vinsemd fangavarda og kannski örlar á gagnkvæmri tortryggni. Læstar dyr og málmleitartæki strokið um líkamann. Vasar tæmdir og farsími afhentur. Fangaverðir gera sitt besta til að draga úr óþægindum sem þetta hefur í för með sér því mörgum finnst skiljanlega að vegið sé að persónu sinni, upplifa vantraust og jafnvel niðurlægingu.

Við sérstakar aðstæður fara heimsóknir barna fram í gestahúsnæði sem leigt er hverju sinni. Fangar þurfa að sækja sérstaklega um það og þarf m.a. að koma til mat fagaaðila á því að heimsókn fari fram með þeim hætti.

Heimsókn í fangelsi er alltaf þungbær og vekur upp sárar tilfinningar. Heimsóknin dregur fram vanmátt fólks gagnvart aðstæðum sem ekki verður undan vikist. En heimsóknin er jákvæð vegna þess að fanginn og fjölskylda hans finna það sem mestu máli skiptir í lífinu í öllum aðstæðum: væntumþykjuna og það hversu dýrmætt frelsið er. Hvort tveggja verður gott veganesti þegar út er komið.



Komið inn í heimsóknaraðstöðu á Litla-Hrauni

Til vinstri er gengið inn í heimsóknarherbergi.

Beint af augum er stærra fjölskylduherbergið.



Heimsóknargangur á Litla-Hrauni

Heimsóknarherbergin eru til beggja handa á ganginum.

araðstaða á Litla-Hrauni

9



Stærri fjölskylduherbergið á Litla-Hrauni.



Gengið er inn skammt frá útvistarsvæði fanga til þess að komast að gestamóttökunni á Litla-Hrauni.



Á ganginum eru leikföng sem börn geta tekið með sér inn á gestaherbergin.



Úr einu af mörgum heimsóknarherbergjum á Litla-Hrauni.



Ljúfir tónar berast frá útvarpstækini á heimsóknarganginum.



Kveðjastundir geta verið sárar.



Allar merkingar í gestamóttöku eru samskonar og notaðar eru í bílnúmeraplötur en þær eru framléiddar af föngum á Litla-Hrauni.



Hægt er að kaupa sér gos og sælgæti auk þess sem boðið er upp á kaffi.



Fjölskyldur

10 Viðtal við Brynju Rós Bjarnadóttur félagsfræðing og fangavörð

Brynja Rós Bjarnadóttir skrifaði BA ritgerð um aðstandendur fanga í félagsfræði við Háskóla Íslands. Brynja hyggur á framhaldsnám í afbrotufræði en starfar nú sem fangavörður í Fangelsinu í Kópavogi. Henni var mjög brugðið þegar hún kynnti sér málefni aðstandanda fanga sem hún segir vera ósýnilegan hóp í þjóðfélaginu sem sé stimplaður fordómum.

Brynja Rós bjó á Stokkseyri þegar henni bauðst starf sem fangavörður á Litla-Hrauni. Hún varð mjög áhugasöm um málefni fanga og ákvað fljótlega að leita sér menntunar sem gæti nýst henni í störfum tengdum fangelsismálum. „Ég byrjaði sem fangavörður á Litla-Hrauni 1999 og þá fann ég að þetta var eitthvað sem ég vildi starfa við í framtíðinni. Ég flutti svo frá Stokkseyri í bæinn og fór í félagsfræði í Háskóla Íslands og vann í Hegningarhúsinu á Skólavörðustíg og Fangelsinu í Kópavogi með náminu. Ég hef heilmikinn áhuga á fangamálum og þegar ég var að hugsa hvað ég ætti að skrifa um í BA ritgerðinni minni þá kom ekkert annað til greina en að skrifa um málefni sem tengjast fongum,“ segir Brynja Rós sem fór í kjölfarið að skoða málefni aðstandanda fanga, hóp sem lítið hefur verið fjallað um.

Lítið hugsað um aðstandendur fanga

„Það hefur nánast ekkert verið skrifað um aðstandendur fanga þannig að þetta er hópur, sem er varla til – en er til,“ útskýrir Brynja sem byggði ritgerð sína að hluta til á samtölum við aðstandendur fanga og einn fanga. „Það sem kom mér mest á óvart hvað lítið er gert fyrir þennan hóp,“ segir hún eftir að hafa kynnt sér þetta vel með því að ræða við þrjá aðstandendur og talsmann fanga sem þekkir málin vel af eigin raun.

„Ég þældi lítið í aðstandendum þegar ég var að vinna sem fangavörður, það gera fæstir. Þessi hópur er lítið sýnilegur og ákaflega lágvær. Maður hafði áður aðeins spáð í þetta út frá t.d. heimsóknaraðstöðunni á Litla-Hrauni. Upplifun þessa fólks er rosalega erfið og lítil aðstoð sem það fær, stundum eru þetta konur með börn. Það fer allt á hvolf í lífi þeirra þegar önnur fyrirvinnan hverfur inn í fangelsi og konan situr

kannski ein eftir með börnin og fjárhagslegar skuldbindingar fjölskyldunnar. Álagið á fjölskyldur fanga getur verið mjög mikið og algengt er að þær leysist upp. Fólk skilur eða hættir að tala saman til þess að losa sig undan fordómum sem þessu geta fylgt. Nánustu ættingjar upplifa oft að þeir séu dæmdir eða stimplaðir fyrir afbrotið sem kannski eiginmaður eða faðir hefur framið. Fjölskyldan er þannig öll stimpluð fyrir afbrotið og upplifir fordómama sem því fylgja.“

Refsing fjölskyldu jafnvel meiri en fangans

Brynja segir fjölskyldur fanga stundum upplifa að þær taki jafnvel út harðari refsingu en fanginn sjálfur sem að vissu leyti býr í nokkuð vernduðu umhverfi innan fangelsisins. „Það er jafnvel þannig að fjölskyldan tekur í rauninni á sig þann erfiða hluta refsingarinnar að þurfa að sitja ein eftir í kannski skuldásúpu og þurfa að svara fyrir afbrotið eða dóminn. Oftast er um að ræða eiginmann eða fjölskylduföður sem hefur brotið af sér. Þetta er því oft miklu meiri pakki sem t.d. eiginkonan lendir í heldur en fólk áttar sig á. Það er auðvitað hörð refsing að vera settur í fangelsi. En fangelsið er nokkuð verndað umhverfi og menn þurfa ekki að hafa áhyggjur af fæði eða húsnæði eða skuldbindingu á meðan þeir eru þar. Eiginkonur fanga þurfa hinsvegar að draga björg í bú og standa við þær skuldbindingar sem fjölskyldan hafði komið sér í bæði gagnvart börnum og fjármálum heimilsins,“ útskýrir Brynja.

Hjálp við að útskýra fyrir börnum

„Lengi vel fékk þessi hópur litla hjálp en það hefur sem betur fer verið að batna. Sumir sem lenda í því að maki eða náinn aðstandandi fer í fangelsi vita hreinlega ekkert hvernig þeir eiga að snúa sér. Nú getur fólk sett sig samband við

Eftirtaldir aðilar styrkja útgáfu Verndarblaðsins:

Akureyrarkirkja	Box 442	602 Akureyri	Fasteingnasalan Ás	Fjarðargötu 17	220 Hafnarfjörður
Akureyrarprófastsdæmi	Túngötu 20	620 Akureyri	Faxaflóahafnir	Hafnarhúsinu	101 Reykjavík
Árnesprófastsdæmi	Túngötu 20	820 Selfossi	Feró sf	Steinaseli 6	109 Reykjavík
Árvík	Garðatorgi 3	210 Garðabær	Fjölbrautarskóli Suðurlands	Tryggvagötu 25	800 Reykjavík
Betra Líf	Kringlunni 8-12	103 Reykjavík	Garðasókn	Kirkjulundi	210 Garðabær
Bifreiðaverkstæði			Grænn kostur ehf	Skólavörðustíg 8	101 Reykjavík
Fríðiks Ólafssonar	Smiðjuvegi 22	200 Kópavogur	Hafnarfjarðarkirkja	v/Strandgötu	220 Hafnarfirði
Blikkrás ehf	Skemmuvegi 36	200 Kópavogur	Henson Sport	Brautarholti 8	105 Reykjavík
Borgbarbyggð	Borgarbraut 11-13	310 Borgarnes	Herrafataverslun Birgis	Fákafeni 11	108 Reykjavík
Bókasafn Kópavogs	Fannborg 3-5	200 Kópavogur	Hitastýring hf	Þverholti 15a	105 Reykjavík
Eignamiðlunin	Síðumúla 21	108 Reykjavík	Hólmavíkurkirkja	Brennuhól	510 Hólmavík

SKYLDUR

Í fjötrum fordóma

11

Fangelsismálastofnun og fengið aðstoð en það eru ekkert allir sem átta sig á því. Líklega þyrfti Fangelsismálastofnun að vera með manneskju sem aðstoðar þetta fólk meira og á frumkvæði að því að hafa samband við aðstandendur til að leiðbeina þeim með ýmsar spurningar sem vakna við þessar hræðilegu aðstæður. T.d. hvernig fólk ber sig að við að segja börnunum frá þessu, veita þá áfallahjálpm sem þörf er á og leiðbeina þeim í gegnum þetta,“ segir Brynja en útskýrir jafnframt að stofnunin hafi takmarkaða fjárveitingu til þess að sinna þessu brýna verki.

Fólk með rangar hugmyndir um fangelsin

Hún segir einfalda hluti geta breytt miklu fyrir aðstandendur sem horfa á eftir ástvinum á bak við lás og slá. „Nú eru til dæmis komnar myndir innan úr fangelsum á heimasíðu Verndar. Það út af fyrir sig er mjög gott því margir róast heilmikið við að sjá inn í fangelsin hvernig aðbúnaðurinn er. Hann er nefnilega ekki eins hræðilegur og margir halda, yfirleitt eru þetta ágætlega vistlegar stofnanir af fangelsum að vera og ólíkar því sem kannski margir þekkja úr amerískum kvikmyndum þaðan sem hugmyndir margra um fangelsisumhverfið eru komnar“.

Aðgát góð samtök

Brynja segir að þó megi enn gera betur og ennþá vanti betri myndir af fangaklefunum. „Það myndi róa mæður fanga sem hafa oft áhyggjur af því hvernig fer um börnin sín í fangelsinu. Fjölskyldan getur yfirleitt fylgt fanganum að fangelsinu þegar afplánun hefst en þegar menn eru handteknir fyrirvaralaust og settir í gæsluvarðhald vantar upp á að sérhæfður starfsmaður hringi í aðstandendur og láti vita af handtökunni. Oft gerist það löngu seinna og þá er það yfirleitt lögreglumaður sem tilkynnir handtökuna,“ segir hún.

Brynja fór meðal annars á fund hjá Aðgát (adgat.net), samtökum aðstandenda fanga sem hafa starfað um skeið. „Mér list rosalega vel á það. En samtökin eru frekar ósýnileg og þyrftu að vera mun sýnilegri til þess að fleiri geri sér grein fyrir þeim stuðningi sem hægt er að sækja sér þangað.“

Aðstandendur í skömm

Brynja segir aðstandendur oft lifa í mikilli skömm en hún segir suma þó vanari en aðra og hafa þykkari skráp gagnvart þessu. Flestir upplifa hvernig fjölskyldan er stimpluð út af fanganum. „Almennt eru aðstandendur stimplaðir af þessu og eru þannig hluti af glæp sem þeir áttu engan þátt í. Það má segja að ákveðinn jaðarhópur eigi auðveldara með þetta en aðrir. Það er fólk sem þekkir betur félagslega kerfið og veit hvert það sækir fjárhagslegan stuðning og hjálpm. Þetta er mun erfiðara fyrir fjölskyldur sem hafa kannski alltaf framfleytt sér sjálfar og þekkja ekkert inn á félagslega kerfið og þá aðstoð sem það veitir. Það eingangrast oft og rekur sig endalaust á veggj kerfis sem það þekkir ekki,“ segir Brynja.

Þyrfti að bæta heimsóknaraðstöðu

Heimsóknaraðstaða í fangelsum er misjöfn og Brynja telur hana hafa batnað þó enn sé langt í land. „Heimsóknaraðstaðan er t.d. orðin mjög kósí og góð í Kópavogsfangelsi. Hegningarhúsið er enn hræðilegt og í raun varla mönnum bjóðandi. Ég myndi segja að það þyrfti að gera heilmikið til að bæta aðstöðuna á Litla-Hrauni. Þar þyrfti t.d. að vera aðstaða þar sem fólk getur farið út í garð líka. Það getur verið erfitt fyrir menn að taka á móti börnum sínum sem eiga erfitt með að dvelja inni í litlu herbergi í kannski fjóra tíma. Auðvitað er reynt að láta menn fá fjölskylduherbergið en það er ekki alltaf hægt.

Það væri til mikilla bóta ef menn gætu t.d. farið út með börn sín sem eru að heimsækja þá í fangelsið. Mér finnst þessi dagsleyfi reyndar mjög sniðug. Þá geta menn sem uppfylla ákveðin skilyrði farið út einu sinni í mánuði og verið með fjölskyldum sínum. Það er reyndar ekkert eftirlit með því hvað þeir gera, en þetta úrræði hefur virkað vel eftir því sem ég best veit,“ segir Brynja Rós sem mun vonandi láta fleira gott af sér leiða fyrir fanga og aðstandendur þeirra í framtíðinni. Í sumar starfar hún sem fangavörður í Kópavogsfangelsinu og er að ljúka diplómanámi í afbrotufræðum.

Hugver	Vitastíg 12	101 Reykjavík
Höfðakaffi	Vagnhöfða 1	112 Reykjavík
Ísfugl ehf	Reykjavegi 36	270 Mosfellsbær
Jeppasmíðjan ehf	Ljónsstöðum	801 Selfoss
Kaffi Reykjavík	Vesturgötu 2	101 Reykjavík
Kapólska kirkjan	Box 313	121 Reykjavík
Kaupfélag Skagfirðinga	Ártorgi 1	550 Sauðárkróki
Kentucky Fried Chicken	Garðahrauni 2	210 Garðabæ
Kjörgarður	Laugavegi	101 Reykjavík
Krosshús	Miðgarði 2	240 Sandgerði
Kumbaravogur	Kumbarvogi	825 Selfoss

Kvótabankinn	Heiðarlundi 1	210 Garðabæ
Lindin kristilegt útvarp	Krókhálsi 4	110 Reykjavík
Litla Kaffistofan	Suðurlandsvegi	810 Selfoss
Lögfræðistofa		
Hilmars Ingimundarssonar	Austurstræti 10a	101 Reykjavík
Neskirkja	v/Hagatorg	107 Reykjavík
Nesráðió	Síðumúla 19	108 Reykjavík
Nýsír	Flatahrauni 5a	220 Hafnarfirði
Ólafur Þorsteinsson og Co	Vatnagörðum 4	104 Reykjavík
Raförminn ehf	Suðurhlíð 35	105 Reykjavík
Reykjanesbær	Tjarnargötu 12	230 Reykjanesbær

Húðflúr

í sögu og

Allir kannast við húðflúr eða tattú (tattoo). Sjálft orðið tattú eða húðflúr er dregið af tahatíska orðinu tatau sem þýðir að draga strik eða að merkja. Húðflúr eru því tákn, mynstur og myndir sem sett hafa verið á hina ýmsu staði líkamans. Oft skrautleg tákn og kröftugar myndir. Tákn frá fjarlægum stöðum með trúarlega skírskotun – myndir sem bera með sér dulúð og vekja ýmsar kenndir hjá þeim sem þær sjá. Ögrandi myndir og sumar hverjar persónulegar. Eða tákn sem aðeins tvær manneskjur skilja og sýna náin tengsl og gefa til kynna ódauðlegt samband. Sum húðflúruðu táknanna geta verið andfélagsleg eins og hakakrossinn. Algeng tákn hafa verið þau sem endurspeglar ást, trú, sigur gegn hinu illa, og tákn sem draga fram forgengileika mannsins eins og hauskúpa og stundaglas. Þá tákn sem sýna dirfsku og kjark; tákn sem standa fyrir fjjósemi og hamingju. Allt algeng tákn í listasögunni. Og auðvitað spretta upp tískutákn og tískumynstur.

Þjóðflokkar hafa notað húðflúr til að merkja sig með vissum táknum, trúarlegum og samfélagslegum. Sum tákni hafa átt að draga fram hugrekki og efla það, önnur átt að ýta undir fjjósemi. Tákn sem vernda eru til dæmis algeng í Kambódíu og Taílandi. Hjá Maorimönnum á Nýja-Sjálandi er andlitið húðflúrað, með flóknu tákni sem kallast moko, og er svo snar þáttur af persónunni sjálfri að það sjálft getur staðið fyrir rithönd hennar. Húðflúr í Japan hefur tengst glæpastarfsemi, japönsku mafíunni, Yakuza. Drjúgur helmingur félaga í Yakuza er húðflúraður. Þá hefur húðflúrið verið notað til að skreyta líkamann án þess að nokkur sérstök merking búi að baki.

Sérstakt tæki er notað við húðflúr, tæki sem sprautar lit 50-3000 sinnum á mínútu undir húðina. Liturinn sest það djúpt að enda þótt húðin endurnýi sig þá situr hann eftir og breytist lítið sem ekkert. Húðflúr er ekki með öllu sársaukalaus aðgerð. Á nokkrum stöðum í Evrópu hafa við fornleifagröft komið upp nálar sem hugsanlega voru notaðar við húðflúr fyrir um 10.000 árum. En fyrsta rafmagnstækið sem notað var við húðflúr er frá árinu 1890 og var það bandarískur húðflúrmeistari sem fann það upp, Samuel O'Reilly.

Saga húðflúrs er því ævagömul. Það var árið 1991 sem leifar af fimm þúsund ára gömlum manni fundust á fjalli nokkru á landamærum Austurríkis og Ítalíu. Maður þessi hafði orðið úti á veiðum og hjá honum fannst bogi og örvar og tinnusteinn til að kveikja eld með. Þetta var bronsaldarmaður og best varðveitti maðurinn frá þeim tíma. Nokkur húðflúr voru á húð þessa manns

en lík hans varðveittist það vel að sjá má þau á fótum og kvið.

Í Egyptalandi til forna hafa fundist múmíur sem bera húðflúr. Þær eru frá því um 2000 f. Kr. Það er athyglisvert að allar þær múmíur með húðflúr sem þar hafa fundist eru konur. En múmíur karla og kvenna sem bera húðflúr hafa fundist í Lýbíu og eru frá því um 1300 f. Kr. Táknin sem flúruð voru á þetta fólk tengjast sólardýrkun og guðum sem veita sigur í styrjöldum. Múmíur með húðflúr hafa einnig fundist í Suður Ameríku og Rússlandi.

Þegar kristin trú breiddist út dró smám saman úr því að þrælur og glæpamenn væru húðflúraðir af yfirvöldum í refsingarskyni en slíkar merkingar voru algengar. Konstantínus keisari, sem varð kristinn, gaf fyrirsmáli um það að skylmingaþrælur (gladiatorar) skyldu húðflúraðir á fótum og höndum en ekki í andliti því andlitið bæri merki þess að maðurinn væri skapaður í Guðs mynd. Hadríanus páfi bannaði húðflúr 787 og páfar sem komu á eftir honum voru sama sinnis. Það er ástæða þess að húðflúr var nánast óþekkt meðal kristinna manna þar til á 18. öld.

En það kom að því að kristnir menn kynntust húðflúrinu á nýjan leik. Þeir sigldu um höf, leituðu nýrra landa og álfa. Hittu nýtt fólk. Kynntust nýjum síðum og báru þá heim til sín.

Sæfarandinn James Cook sigldi suður um höf á 18. öld og komst hann og áhöfn hans í kynni við íbúa Pólýnesíu og hjá þeim var húðflúr í hávegum haft. Húðflúrið var hluti af menningu þeirra og sýndi myndir sem voru trúarlegs eðlis, aðrar voru einkennandi fyrir ætt viðkomandi o.s.frv. Húðflúrið varð að vissu marki hluti af fótum fólks sem bjó á hitabeltissvæðum og þurfti ekki að kappklæða sig eðli máls samkvæmt. Sumir voru húðflúraðir frá fótum og allt upp að hársrótum.

En húðflúr hefur líka verið notað í refsingarskyni og þá hafa tákni og myndirnar verið einfaldar. Grískar og rómverskar heimildir greina frá slíku. Gríski heimspekingurinn Platón taldi að þá ætti að húðflúra sem yllu helgispjöllum og reka síðan úr lýðveldinu. Svetónus segir frá því að hinn grimmi og dutlungafulli keisari, Kalígúla, hafi fyrirskipað að hirðmenn hans skyldu húðflúraðir. Fanganúmer voru húðflúruð á Gyðinga í síðari heimsstyrjöldinni.

Grískir og rómverskir sagnfræðingar segja frá því að m.a. Bretar, Gallar og Gotar hafi látið húðflúra dýramyndir á líkama sína.

Menn nota líkamann í margvíslegu skyni. Maðurinn er í líkamanum í heiminum og flestir telja sig eiga hann – ráða yfir honum. Fötin skapa manninn, er stundum sagt. Þau gefa til kynna hver hann er og hver hefur sinn stíl. Menn skreyta líkamann með gulli og eðalsteinum og sýna umheiminum stöðu sína t.d. með því að bera þykkar gullkeðjur og vönduð rándýr úr. Skrautið getur líka verið einfalt og fallett. Húðflúr er hins vegar líkamsskraut sem verður ekki aftur tekið. Besta húðflúrið flokkast með list og það versta er ekki annað en klaufalegt krot.

Samtíð

Voru þeir mjög hreyknir af þessum myndum. Nöfn Skota voru iðulega dregin af myndum sem húðflúraðar voru á líkama þeirra. Sjómenn voru veikir fyrir húðflúrinu og létu margir þeirra skreyta sig með myndum. Húðflúr var gjarnan merki um að sá er það bar hefði farið víða um höf. Sumir sjóhermenn létu húðflúra mynd af Kristi á krossinum á bak sér til að koma í veg fyrir að þeir yrðu húðstrýktir ef þeir lentu í óvinahöndum. Menn hefðu veigrað sér við að láta svipu dynja á baki þess sem bæri slíka mynd.

Á Vesturlöndum tengdist húðflúr allt frá 18. öld og til þessa dags jaðarhópum og lágstéttum, sjómönnum, hermönnum, vændiskonum, glæpamönnum, föngum. Húðflúr á þessu fólki var sem merki samfélagsins á því og bar alla fordóma þess og iðulega sjálfskynjun fólksins sjálfs. En fyrir daga fyrri heimsstyrjaldarinnar var húðflúr það sjaldgæft á Vesturlöndum að húðflúrað fólk var notað sem sýningaratriði í fjölleikahúsum. Eftir fyrra stríð komst það í tísku og var t.d. algengt meðal bandarískra hermanna að láta húðflúra sig með táknum sem sýndu föðurlandsást og hugrekki. Yfirstéttafólk lét húðflúra sig og jafnvel konungborið fólk. Húðflúrs-tískan dofnaði í lok styrjaldarinnar en lifnaði við í kjölfar umróts sem varð í samfélaginu á sjöunda áratug síðustu aldar m.a. vegna stúdentamótmæla og uppgangs hippahreyfingarinnar. Vissir fordómar hafa ætíð verið uppi þegar húðflúr er annars vegar. Húðflúrið hefur sums staðar verið eins og skírteini undirheima, óreglu og ofbeldis. Tákn andfélagslegrar hegðunar og iðulega sett jafnaðarmerki milli þess og glæpastarfsemi sem og lágstétta samfélagsins.

Þú ert staddur inni á kaffihúsi. Stúlkan sem afgreiðir þig er kannski með húðflúrað jing og jang merki á handleggnum. Eða kínverskt tákn milli þumals og vísifingurs. Þú spyrd í hugarum: Hverjir láta húðflúra sig í nútímanum?

Það er að mestu leyti órannsakað mál. Þó kom í ljós í könnun sem gerð var fyrir nokkru að af 260 háskólastúdentum í H.Í. voru 18% þeirra með húðflúr.

Stundum er sagt að aldrei sem í nútímanum hafi sjálfsdýrkun manneskjunnar verið eins útbreidd. Líkamsræktarstöðvar spretta upp eins og gorkúlur. Krafan er að allir eigi að vera íturvaxnir og falletgir. Húðflúr er persónulegt val hvers og eins. Einkamál og einkamerki viðkomandi – eins og einkanúmer. Húðflúrið er ekki lengur ótvírátt merki um að viðkomandi einstaklingur tilheyrir

undirheimum eða að hann sé andfélagslegur. Húðflúrið getur verið merki um sjálfstæði einstaklingsins í ógnarhröðu nútímasamfélaginu og dregur fram sérstöðu hans í mannmergðinni. Tákn um einstaklingsfrelsi. Tákn um festu í samfélagi þar sem æri margt er einnota – húðflúrið verður ekki svo auðveldlega fjarlæggt. Húðflúr er ekki einnota. Stundum er talað um sjálf húðarinnar (ego skin). Húðin er eins og spegill sjálfsins, húðin dregur mörk og innan hennar er manneskjan. Merkin á húðinni (húðflúrið) er eins og önnur húð með táknum sem standa fyrir dygðir, ást, vernd og sigur. Einhver gildi sem eru fólki hugstæð.

Það fer þó ekki milli mála að húðflúr er sterkt alþjóðlegt einkenni á líkómum afbrotamanna. Engin rannsókn hefur verið gerð á húðflúri íslenskra brotamanna þeirra.

Í þessu sambandi má benda á svokallaða félagslega samsemd sem felst í því að menn finna sig heima í ákveðnum hópi, tilheyra honum og líta nánast á hann sem fjölskyldu sína. Þú ert hópurinn og hann ert þú. Líkur sækir líkan heim, áhugamál, staða, stétt, aldur, menntun o.s.frv. Samskipti innan hópsins vefjast saman á ýmsa lund og eru oft flókin. Húðflúr getur verið sýnilegt merki þessarar samsemdar.

Kjarninn er sá að þessi jaðarhópur sýnir samkennd og samstöðu. Það er sem yfirlýsing um að þú tilheyrir ákveðnum hópi og hafi svipaðar skoðanir og hann um lífið og tilveruna. Húðflúrið er merki sem sent er til umhverfisins og viðkomandi er tekinn gildur af því. Vel heppnað og magnað húðflúr getur verið eins og stöðutákn í huga þeirra sem eru í hópnun og kunna að meta húðflúr. Kannski tekurðu hressilegar á móti þeim sem er húðflúraður af því að þú er sjálfur húðflúraður – eða sá sem ekki er húðflúraður horfir með meiri tortryggni á húðflúrið á náunga sínum því hann veit kannski ekki alveg hvernig beri að skilja það. Rannsóknir sýna það líka að húðflúraðir meta aðra húðflúraða jákvæðar en þeir sem ekki eru húðflúraðir.

Heimildir:

Gilbert, Steve: *Tattoo history, a source book*, 2000

Thomas, Nicholas, o.fl.: *Tattoo – bodies, Art and Exchange in the Pacific and the West*, 2005

Lombroso, Cesare: *Criminal man*, 2006

Erna Kristín Hauksdóttir: *Húðflúr og félagsleg samsemd, félagsvísindadeild* 2006

Refsing og internet

14 Höfundur er fangi á Litla-Hrauni

Fangelsis- og meðferðarmál hafa nokkuð verið í brennidepli síðustu misseri. Þrátt fyrir ýmsar augljósar brotalamir í kerfinu, hafa verið stigin nokkur jákvæð framfaraskref síðustu ár. Eðlilega má alltaf gera betur og ekki síst hraða ákveðnum aðkallandi málum, en auðvitað eru rekstrarávarðanir háðar því fjármagni sem er til staðar. Þegar kemur að ákvarðanartöku um fyrirkomulag, aðstöðu og úrræði í fangelsum landsins, þarf eðli málsins samkvæmt að velta fyrir sér bæði kostum og göllum mismunandi leiða og úrræða, en ekki síður hvort tiltekið atriði styðji stefnu ráðamanna í fangelsismálum.

Grundvallarspurningin sem þjóðin þarf að spyrja sig í þessum málaflökki er: Hvort vill hún að fangi komi betri eða verri út aftur í samfélagið? Svarið hlýtur að vera augljóst. Við viljum að einstaklingur komi betri út í samfélagið. Við sem skattgreiðendur borgum fyrir húsnæði, mat og þjónustu fanga á Íslandi og því er eðlileg krafa samfélagsins að fangelsiskerfið sinni ekki bara refsingu, heldur einnig betrun. E.t.v. áttar fólki sig ekki á því en það að vera sviptur frelsi er hin eiginlega refsing. Það sem gerist svo á meðan frelsissviptingu stendur, ætti að vera betrun.

Auðvitað er stefna yfirvalda og Fangelsismálastofnunar að stuðla að betrun fanga. Það er hin skynsamlega, þjóðhagslega hagkvæma stefna. Annað væri í hrópandi þversögn við allt sem telst eðlilegt. En þá má spyrja, hvernig fer betrunin fram? Í allri sanngirni má einkum nefna tvennt sem stuðlar að betrun fanga. Annars vegar öflug meðferðarúrræði og geðheilbrigðisþjónusta, hins vegar vinnu- og námsúrræði. Þessari grein er skrifuð í samhengi við hið síðarnefnda.

Á Litla-Hrauni er rekinn skóli sem sinnir grunnkennslu á framhaldsskólastigi. Fangar hafa síðan komst á að komast í kjölfarið í framhaldsskólann á Selfossi að uppfylltum skilyrðum. Á seinni stigum afplánunar geta fangar síðan unnið utan fangelsis og eiga kost á að ljúka síðasta hluta afplánunar í opnu úrræði. Rannsóknir sýna að þetta fyrirkomulag hefur gefið góðar raun og er stórt skref í átt að betrun fanga. En betur má ef duga skal. Auka þarf vægi betrunar innan kerfisins. Þá má spyrja, hvaða leiðir eru skynsamlegar og hagkvæmar í þeim efnum? Og hvað hefur Internetið með þetta að gera?

Fyrir u.þ.b. 12 árum má segja að netbyltingin hafi farið af stað í íslensku samfélagi. Í dag er heimur okkar nær óhugsandi án Internets. Þó hefur sú bylting ekki náð til fangelsa landsins nema

í litlum mæli. Vissulega er skólastofa Litla-Hrauns tengd netinu og einnig hafa námsmenn á Kvíabryggju fengið nettengingu. Það má auðvitað færa rök fyrir því að fangar ættu almennt ekki að vera nettengdir, jafnvel símalausir líka. Fanginn hefur gerst sekur um brot sitt og honum á einfaldlega að refsa. Ekki er tekin afstaða til þeirra sem sitja saklausir inni.

Staðreyndin er hins vegar sú, að slík einangrun þjónar nákvæmlega engum tilgangi. Í reynd hafa allar þess háttar takmarkanir neikvæð áhrif. Takmarkanir í fjarskiptum og samskiptum stuðla að andfélagslegri hegðun og fangi fjarlægist hröðum skrefum allri hugsanlegri betrun. Eitt af lykilatriðum í betrun fanga, er að geta verið í góðu sambandi við fjölskyldu, vini og vandamenn. Ekki síst fyrir þá sem eiga aðstandendur fjarri fangelsinu. Í þessu samhengi má benda á að gott samband fanga við umheiminn stuðlar eðlilega að betri líðan, sem kann að leiða til minna álags á starfsfólk fangelsa landsins.

Fyrir skömmu var gerð könnun meðal fanga þar sem þeir voru meðal annars spurðir hvort leyfa ætti óheftan aðgang að Interneti, Internetaðgang með takmörkunum eða ekkert Internet. Þótt niðurstöður hafi ekki verið birtar, varð höfundur þess áskynja að flestir fangar vilja leyfa Internet með takmörkunum. Þetta sýnir svart á hvítu, að fangar bæði skilja og vilja að hugsanleg

nettenging yrði takmörkuð og aðgangsstýrð til þess að koma í veg fyrir óæskilega notkun, líkt og gert er t.d. í grunnskólum landsins. Staðreyndin er sú að með nútímatækni er mjög auðvelt að aðgangsstýra netnotkun og sem dæmi hafa einungis opið fyrir ákveðnar vefsíður. Í dag er algengt að fyrirtæki landsins hefti aðgang að ákveðnum netþjónustum og efni á vinnustöðum og því alveg ljóst að tæknin er engin hindrun.

Með þessu móti væri hægt að auka úrval fjarnáms og leyfa mönnum að stunda fjarvinnu að uppfylltum þeim skilyrðum sem því kann að fylgja. Eins og fyrri daginn, þá snýst þetta um að hafa eitthvað til þess að vinna að. Netvæðing með takmörkunum í fangelsum landsins mun hafa margþættan ávinning, en fyrst og síðast stuðla að betrun fanga og þar með vera hagkvæm leið fyrir yfirvöld að framkvæma stefnu sína.

Nú vantar framsýnan stjórnáramann til þess að sjá hversu mikið þjóðþrifamál er að bæta kerfið, fækka glæpum og endurkomutíðni í fangelsi, snúa mönnum frá eiturlýfjaneyslu og að gera mönnum kleift koma betri út í samfélagið á ný.



Aldrei of seint

að ganga menntavegin



Lærðu meira í stærðfræði, íslensku, ensku og dönsku

Ertu eldri en 16 ára? Viltu læra meira?

Námsflokkar Reykjavíkur bjóða upp á kennslu í námstækni og nám fyrir þá sem vilja læra meira í stærðfræði, íslensku, ensku og dönsku. Námsfnið jafngildir 8.-10. bekk í grunnskóla. Námið hentar fólki á öllum aldri, t.d. þeim sem vilja undirbúa sig undir framhaldsskóla eða foreldrum sem vilja hjálpa börnum sínum við heimanámið.

Þrjú þrep

Í upphafi náms fær nemandi aðstoð við að meta stöðu sína í námsgreininni, en kennt er á þremur þrepum. Námið tekur mið af kunnáttu og þörfum hvers og eins og allir læra á sínum hraða. Hægt er að skrá sig í eina námsgrein eða fleiri. Engin próf eru tekin, nema þess sé óskað.

Opin stundaskrá

Kennt er á mánudögum, þriðjudögum og fimmtudögum í húsnæði Námsflokka Þönglabakka 4 (fyrir ofan strætóskýlið í Mjóddinni).

Skráning í síma 567 7050

www.namsflokkar.is

Námsflokkar Reykjavíkur

Eftirtaldir aðilar styrkja útgáfu Verndarblaðsins:

Ræktunarsamband						
Flóa og Skeiða						
Hvítasunnusöfnuðurinn	Gagnheiði 35	800	Selfoss	Höfðabakka 1	112	Reykjavík
SBS innréttingar	Stangarhyl 3	110	Reykjavík	Kringlunni 7	103	Reykjavík
SÍBS	Hyrjarhöfða 3	112	Reykjavík	Hafnargötu 12	240	Keflavík
Skinney Þinganes	Síðumúla 6	108	Reykjavík	Týsgötu 1	101	Reykjavík
Smith og Norland	Krosseyrarvegi 1	780	Höfn	Kársnesbraut 96	200	Kópavogur
Sólheimar í Grímsnesi	Nóatúni 4	105	Reykjavík	Tunguhálsi 19	110	Reykjavík
Sparisjóður Mýrarsýslu	Grímsnespreppur	801	Selfoss	Frostagötu 2a	603	Kópavogur
Staðastaðarprestakall	Borgarbraut 14	310	Borgarnes	Dalbraut 6	300	Akranes
Stafholtsprestakall	Staðarstað	356	Snæfellsbær	Eldshöfða 155	112	Reykjavík
Suzuki Bílar	Stafholtí	311	Borgarnes	Hafnargötu 57	230	Reykjanesbæ
Sveitafélagið Garður	Skeifunni 17	108	Reykjavík	Efstalandi 26	108	Reykjavík
Sýslumaðurinn Akranesi	Melbraut 3	250	Garður	Grettisgötu 89	101	Reykjavík
Sökkull ehf	Stíllholti 16-18	300	Akranes	Knarrarvogi 4	108	Reykjavík
Tannlæknastofa	Funahöfða 9	110	Reykjavík	Hafnargötu 12	750	Höfn
Árna Pálssonar	Kaupvangur	600	Akureyri	Suðurhlíð 35d	105	Reykjavík
Tor ehf	Eyrartröð 13	220	Hafnarfirði	Smiðjuvegi 7	200	Kópavogur
Tónskóli Þjóðkirkjunnar	Háaleitisbraut 66	108	Reykjavík	Hyrjarhöfða 6	112	Reykjavík
Tryggingastofnun	Laugavegi 114	150	Reykjavík	Síðumúla 34	108	Reykjavík
Verkalýðsfélag Vestfjarða	Pólgötu 2	400	Ísafirði	Austurvegi 67	800	Selfoss
				Austurströnd 2	170	Seltjarnarnes



EKKI VERA ÞINN VERSTI ÓVINUR

Allir hafa hæfileika. Finndu þína og ræktaðu.
Ekki gefast upp. Leitaðu hjálpar ef þú þarft.



LÝÐHEILSUSTÖÐ
- lífið heil